

Fundur hjá Foreldrafélaginu 5.11.2007 kl.17-18.

Mættir voru: Helga, Svandís, Theódóra, Hjálmfríður, Solveig og Ragnheiður frá Foreldrafélaginu.

1. Laufabrauðsdagurinn (umsj. Hjálmfríður og Kalla)

Nýja skólaeldhúsið var skoðað, það eru 6 stöðvar til að steikja á, svo það þarf 24 til að manna stöðunar. Leita á aðstoðar bekkjarfulltrúa við að manna stöðurnar.

Aðföng fyrir laufabrauðið á að kaupa í Bónus, bæði til að hægt sé að ná í meira ef vantar og svo sé hægt að skila afgangi. Solveig ætlar að sjá um söluna og Helga um tónlistina.

Ákveðið var að senda auglýsingar bæði í tölvupósti og töskupósti.

2. Bókakynning. (umsj. Helga og Solveig)

Bókakynningin verður 5.12.2007 kl.17.00 Búið er að fá höfundana Hrund Þórs og Gerði Kristný til að lesa úr verkum sínum.

3. Jólaleikhús.

Ákveðið var að kanna hvort grundvöllur væri fyrir að panta jólaleikhús fyrir yngstu börnin í samvinnu við skólann. Reynt verður að finna einhverja tónleika eða annað sem hæfir eldri krökkunum.

4. Theódóra sagði okkur frá fundi með forvarnarnefnd.

5. Margföldunarspil.

Solveig sýndi okkur margföldunarspil frá BNA. Ákveðið var að foreldrafélagið myndi kaupa nokkur spil og færa skólanum.